

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegin Mýrahreppsveg.

100

10. sept.

1. gr.

Mýrahreppsvegur er í samþykkt þessari nefndur sýsluvegurinn, er liggur út frá Þjóðveginum að Gemlufalli; út að Núpi og inn að Höfða.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Mýrahrepp.

3. gr.

Mýrahreppsveg skal gera akfæran vögnum og bifreiðum hið fyrsta, að tekjur þessa vegafélags leyfa. Skal hann lagður samkvæmt fyrirætlum vegamála-
stjóra.

4. gr.

Vegafélag Mýrahrepps greiðir minnst $\frac{2}{3}$ hluta þess vegakostnaðar, er ekki fæst greiddur úr ríkissjóði. $\frac{1}{3}$ hluti greiðist af sýslusjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir 300 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

Viðhald vegarins skal greiða úr vegasjóði, að því leyti sem það ekki verður greitt úr sýslusjóði.

5. gr.

Árlegar tekjur vegafélagsins eru:

- a. Af skuldlausum eignum, sem nema 500 kr. eða meira, samkvæmt síðasta skattframtali, greiðir hver gjaldþegn 1% — einn af hverju þúsundi.
- b. Fyrir hvern verkfæran mann, á svæðinu frá Höfða að Alviðru — að báðum bæjum meðtöldum — greiðir hver húsráðandi 10 krónur. En fyrir hvern verkfæran mann heimilisfastan á bæjunum Arnarnesi, Gerðhömrum, Næfranesi og Lambadölum, 5 krónur. Rétt á húsráðandi á endurgjaldi frá hlutaðeigendum. Gjald þetta má greiða í vinnu við veginn. Er hver vinnustund þá metin til verðs, eins og samtímis er greitt fyrir vegavinnu ríkissjóðs innan sýslunnar, eða þá vinnu, sem að öllu leyti er framkvæmd á vegum sýslusjóðs. Ingjaldssandur er undanþeginn þessu gjaldi.
- c. Úr sveitarsjóði Mýrahrepps sé árlegt gjald til vegafélagsins minnst 100 kr. Stjórn félagsins hefir heimild til — með samþykki aðalfundar — að hækka eða lækka þessar tekjum, allt að $\frac{1}{3}$ hluta fyrir 1 ár í senn. Til hækkunarinnar þarf samþykki sýslufundar.

6. gr.

Allir, sem gjalda til vegarins, samkvæmt 5. gr. a. og b., mynda félag, er nefnist vegafélag Mýrahrepps. Það skal eiga með sér aðalfund í febrúar eða marz ár hvert. Á fundi þeim, er samþykkt þessi verður löglega samþykkt, skal

100 kjósa 5 manna stjórn fyrir félagið. Eftir 2 ár ganga 2 menn úr stjórninni eftir 10. sept. hlutkesti og kýs aðalfundur 2 menn í þeirra stað til 4 ára. Hinn hluti stjórnarinnar fer frá eftir að hafa setið 4 ár og gilda sömu reglur um kosningu hans.

Á aðalfundi skulu félagsmál rædd og ályktanir teknar um þau; endurskoðaðir félagsreikningar fyrir s. l. ár, lagðir fram og atkvæði greidd um samþykkt þeirra, kosin stjórn svo sem áður er sagt og 2 endurskoðendur félagsreikninganna, og annað það tekið fyrir, sem fram er borið og félagið varðar. Aðalfundur sé boðaður með minnst viku fyrirvara. Er hann lögmætur ef minnst 10 félagsmenn mæta. Þó því aðeins, að ekki sé um almenn forföll að ræða, er hamlað hafi fundarsókn, svo sem veikindi eða ófært veður.

7. gr.

Stjórn félagsins kýs sér formann. Boðar hann til aðalfundar og gengst fyrir kosningu fundarstjóra. Stjórnin annast allar framkvæmdir vegafélagsins og gefur aðalfundi glögga skýrslu um þær fyrir s. l. ár. Stjórnarkostnað má greiða af tekjum félagsins.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Séu tekjur félagsins, samkvæmt 4. gr. b., greiddar með vinnu, ákveður stjórn félagsins, með minnst 14 daga fyrirvara, hvenær og hvar vinnan fer fram. Að öðru leyti er gjalddagi árstekna hinn sami og útsvara og má taka þær lögtaki.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr. Renna þær í félagssjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919 til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.